

Umhverfisstofnun
Suðulandsbraut 24
ust@ust.is

Reykjavík 12.04.2021

Efni: Sótt er um breytingu á starfsleyfi fyrir iðjuver Elkem Ísland ehf.,
Grundartanga kt. 640675-0209. Starfsleyfið gildir til ársins 2025.

Elkem Ísland ehf. óskar eftir breytingu á starfsleyfi sínu **til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla** eldhúð allt að 50.000 tonnum. Eldhúðin er endurnýtt sem járngrjafi í framleiðslu Elkem. Um getur verið að ræða eldhúð sem hefur verið skilgreind sem úrgangur í upprunalandinu eða ekki. Eldhúð sem flutt hefur verið inn frá Finnlandi hefur verið skilgreind sem úrgangur (e. Waste) samkvæmt finnskum reglugerðum, og þarf fyrirtækið því starfsleyfi við meðhöndlun og endurvinnslu á eldhúðinni. Um er að ræða eldhúð frá stálveru Outokumpu í Finnlandi. Frá árinu 2016 hefur Elkem fengið tímabundnar undanþágur frá starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla eldhúð frá Finnlandi.

Sótt er um breytingu á starfsleyfi með tilvísun í:

- **Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs**, gr 14 útgáfa starfsleyfis – 3.mgr. á við um eigin úrgang. Umhverfisstofnun er heimilt að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir annan atvinnurekstur sem hún veitir starfsleyfi sem heimilar starfsleyfishafa förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað. Skulu þá þau ákvæði starfsleyfisins er varða förgun úrgangs vera í samræmi við lög þessi.
- **Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs** . Skv 19. gr starfsleyfi: Meðhöndlun úrgangs er háð starfsleyfi eins og nánar segir í reglugerð þessari og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í starfsleyfi skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Jafnframt skulu ákvæði starfsleyfis taka mið af aðstæðum á viðkomandi stað.
- **Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit**, grein 5. Samkvæmt X. viðauka með reglugerðinni kemur fram að starfsemi tengd endurvinnslu úrgangs (8.5) þurfi starfsleyfi.

Inngangur

Um árábil hefur Elkem Ísland flutt inn og notað á hverju ári um 35.000 tonn af eldhúð (e. Mill Scale) sem járngrjafa við framleiðslu á kísiljárn. Heildarnotkun á ári gæti orðið 50.000 tonn miðað við hámarksframleiðsluheimild starfsleyfis upp á 190.000 tonn (miðað við 75% FeSi) af 45-100% kísil og kísiljárn. Eldhúðin hefur verið flutt inn m.a. frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Bretlandi og Bandaríkjunum. Öll eldhúð er flutt inn með lausaflutningaskipum og er skipað upp á Grundartanga. Eldhúðin er ýmist notuð beint á ofnana á Grundartanga, eða er köggluð hjá Steypustöðinni í Hafnarfirði áður en hún fer inn á ofnana. Eldhúð verður til við heitvölsun á stáli. Þegar stálið er hitað upp fyrir völsunina, oxast yfirborð stálsins. Þetta oxíðlag er síðan hreinsað í burtu eftir völsunina með háþrýstu vatni. Fasa efnið sem er hreinsað af stálinu á þennan hátt er eldúð.

Eldhúð frá Finnlandi

Elkem Ísland hefur á síðustu árum staðið að tilraunaframleiðslu með því að endurnýta eldhúð frá Finnlandi. Tilraunirnar hafa gengið vel. Um er að ræða 3.400 tonn eldhúð frá finnska fyrirtækinu Outokumpu og 4 tonn frá finnska fyrirtækinu Dalsbruk, sem lokaði fyrir nokkrum árum. Tilraunirnar hafa skilað góðum árangri og hér hefur náðst tímamóta árangur í endurnýtingu á takmarkaðri auðlind. Elkem Ísland óskar því eftir breytingu á starfsleyfi þannig að fyrirtækinu verði framvegis heimilt að flytja inn, taka á móti og meðhöndla eldhúð frá Outokumpu í Finnlandi og mögulega fleiri stálverum sem framleiða ryðfrítt stál. Eldhúðin verður flutt til Íslands laust í lausaflutningaskipum eða laust í gámum. Efninu verður skipað upp á Grundartanga á hefðbundinn hátt og flutt með flutningakerfum fyrirtækisins á geymslusvæði hráefna og þaðan með hefðbundnum leiðum í gegnum flutningakerfi inn á ofna.

Besta fánlega tækni

Eldhúðin frá Finnlandi verður notuð á nákvæmlega sama hátt og öll önnur hráefni hjá Elkem, þar með talin eldhúð frá Svíþjóð, Noregi og Bretlandi sem hefur verið notuð um árabil. Enginn úrgangur verður við notkun á þessari eldhúð. Elkem starfar að fullu í samræmi við bestu fánlegu tækni samanber BREF skjal EU, Integrated Pollution Prevention and Control (IPPC), Reference Document on Best Available Techniques in the Non Ferrous Metals Industries, December 2001. Þannig að við meðhöndlun og notkun á þessari finnsku eldhúð er notuð besta fánlega tækni og því grein 11. í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, uppfyllt.

Umhverfisáhrif

Eldhúðin er járnnoxíð eins og aðrir járngjafar, s.s. járngrýti. Engin umhverfisáhrif eru við notkun eldhúðarinnar umfram notkun á öðrum hráefnum á Grundartanga.

Flokkun eldhúðar sem úrgangs

Eldhúðin sem úrgangur er flokkuð sem AA010 samkvæmt OECD code Dross, scalings and other wastes from the manufacture of iron and steel

Samkvæmt rg. nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er auðkenni eldhúðarinnar sem úrgangs eftirfarandi:

10 02 10 – flögur frá völsun,

10 02 15 – önnur eðja eða síukaka

12 01 02 – ryk og agnir úr járn eða stáli

12 01 99 – úrgangur sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti

Vinsamlega hafið samband við Jón Viðar Sigurðsson, hráefnasérfræðing hjá Elkem Ísland, jon.v.sigurdsson@elkem.com, sími 8606246, til að fá frekari upplýsinga

Með von um góðar undirtektir,

Sigurjón Svavarsson
Mobile : +354 8606366

sigurjon.svavarsson@elkem.com

Fylgiskjöl:

1. *Efnagreiningar Elkem á eldhúðinni: 141009-Eldhúð Finnland DAF*
2. *Efnagreiningar frá Outokumpu á eldhúðinni: Analysis Nov 2015*
3. *Upplýsingar um framleiðsluferli Elkem: Note on Production of Ferro Silico Feb 2014*
4. *Flutningsskjöl frá Outokumpu Stainless Oy: Notification document for transboundary movements/shipments of waste*
5. *Flutningsskjöl frá Outokumpu Stainless Oy: Movement document for transboundary movements/shipments of waste*
6. *Öryggisblað fyrir eldhúðina: 126 SDSr00_Millscale_ISL*